

3. & 4. APRÍL
2025

HARPA
ELDBORG



Óperuveisla með Ólafi Kjartani og gestum

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikarnir eru um 2 klst. að lengd með hléi

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út síðar á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Óperuveisla

með Ólafi Kjartani og gestum

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 3. OG 4. APRÍL KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frimann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Ólafur Kjartan Sigurðarson
Gunnar Björn Jónsson
Kristín Anna Guðmundsdóttir
Kristín Sveinsdóttir
einsöngvarar

Kór Langholtskirkju
Mótettukórinn

Magnús Ragnarsson
Stefan Sand
kórstjórar

Gioacchino Rossini
Forleikur að *Rakaranum í Sevilla* (1816)

Jacques Offenbach
Bátssöngur úr *Ævintýrum Hoffmanns* (1880)

Giacomo Puccini
Che gelida manina úr *La Bohème* (1895)

Giuseppe Verdi
L'onore! Ladri! úr *Falstaff* (1893)

Antonín Dvořák
Söngur til mánans úr *Rusölku* (1901)

Georges Bizet
Sígaunadans úr *Carmen* (1875)
Söngur nautabans úr *Carmen* (1875)

Hlé

Giuseppe Verdi
Forleikur að *Valdi örlaganna* (1862)
Bella figlia d'amore úr *Rigoletto* (1851)
Fangakórinn úr *Nabucco* (1842)

Giacomo Puccini
Intermezzo úr *Manon Lescaut* (1893)

Carl Zeller
Schenkt man sich Rosen in Tirol úr *Fuglasalanum* (1891)

Wolfgang Amadeus Mozart
Deh, vieni alla finestra úr *Don Giovanni* (1787)

Ludwig van Beethoven
Mir ist so wunderbar úr *Fidelio* (1814)

Gioacchino Rossini
Tutto cangia, il ciel s'abbella úr *Vilhjálmí Tell* (1829)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Bjarni Frímann Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bjarni Frímann Bjarnason stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í Ungum einleikurum, einleikarakeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og lék í framhaldinu víóluconsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Að því loknu stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín.

Bjarni Frímann hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum á Íslandi, svo sem Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT og Elju kammersveit, og einnig Hallé hljómsveitinni í Manchester, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Orchestra Teatro Colón í Buenos Aires. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Sama ár stjórnaði hann flutningi á óperunni UR eftir Önnu Þorvaldsdóttir við óperuna í Osló, í Chur og Basel og á Listahátíð í Reykjavík og árið eftir stjórnaði hann hljómsveitartónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur í Mexíkóborg, Fílharmóníunni í Los Angeles og í Hörpu. Bjarni tók við stöðu tónlistarstjóra Íslensku óperunnar í janúar 2018 og stýrði uppfærslum hennar á *Toscu*, *Hans og Grétu*, *La traviata* og *Brúðkaupi Fígarós*. Hann var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2018–2020 og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem Flytjandi ársins 2019. Þá hefur Bjarni hefur komið fram víða um Evrópu sem strengja- og hljómborðsleikari, m.a. í Berlínarfílharmóníunni og í Konzerthaus í Vínnarborg.

Síðastliðið vor tók Bjarni við stöðu listræns stjórnanda hjá kammersveitinni BIT20 í Björgvín og í vetur hefur hann jafnframt starfað við óperuna í Malmö. Síðar á þessu ári mun hann þreya frumraun sína með Dönsku útvarpshljómsveitinni.



Ólafur Kjartan Sigurðarson

BARÍTÓN

Ólafur Kjartan Sigurðarson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2024–25. Hann stendur nú á hátindi ferils síns og hefur síðustu ár sungið burðarhlutverk í mörgum virtustu óperuhúsum heims við frábærar undirtektir.

Ólafur Kjartan nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Guðmundi Jónssyni og Ólafi Vigni Albertssyni og síðar við Royal Academy of Music í London og Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow, þaðan sem hann lauk meistaraþrófi sumarið 1998. Hann hefur um langa hríð verið einn ástsælasti óperusöngvari þjóðarinnar og komið fram í fjölmörgum óperusýningum á vegum Íslensku óperunnar, en hann var fastráðinn söngvari við óperuna á árunum 2001–2004 og tók síðar þátt í fleiri uppfærslum á hennar vegum.

Ólafur Kjartan hefur fest sig í sessi sem Wagnertúlkandi á heimsmælikvarða og preytti árið 2021 frumraun sína á hinn virtu Wagnerhátíð í Bayreuth í Þýskalandi. Þar hefur hann túlkað hlutverk Alberichs í *Niflungahringnum*, Biterolfs í *Tannhäuser* og Kurwenals í *Tristan og Ísold* og hlotið framúrskarandi viðtökur. Árið 2023 steig hann í fyrsta sinn á fjalir Konunglega óperuhússins í Covent Garden í Lundúnum, þar sem hann söng Biterolf, og sama ár lá leiðin á La Scala í Milánó þar sem hann fór með hlutverk Balstrode í *Peter Grimes* eftir Benjamin Britten í nýrri uppfærslu Robert Carsen og undir stjórn Simone Young.

Á þessu starfsári eru hlutverk úr óperum Wagners ríkjandi hjá Ólafi Kjartani. Hann syngur hlutverk Hollendingsins fljúgandi við óperuna í Prag, hlutverk Telramund í leikstjórn Katharinu Wagner á *Lohengrin* við Liceu óperuna í Barcelona og hlutverk Alberichs í nýrri uppfærslu Davids McVicar á *Niflungahringnum* við La Scala óperuna. Á Wagnerhátíðinni í Bayreuth í sumar mun Ólafur Kjartan halda áfram sem Alberich í *Niflungahringnum* og að auki syngja Telramund í *Lohengrin* undir stjórn Christians Thielemann.



Gunnar Björn Jónsson

TENÓR

Gunnar Björn Jónsson hóf söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri árið 2008 hjá Michael Clarke. Árið 2011 fluttist hann suður yfir heiðar og hóf nám hjá Kristjáni Jóhannssyni við Söngskóla Sigurðar Demetz þaðan sem hann útskrifaðist vorið 2014. Þá um haustið lá leið Gunnars til Milanó á Ítalíu þar sem hann nam söng við Civica Scuola di Musica Claudio Abbado undir leiðsögn Vincenzo Manno og lauk náminu tveimur árum síðar.

Gunnar kemur reglulega fram sem einsöngvari hér heima og hefur sungið nokkur óperuhlutverk á Íslandi, í Þýskalandi og á Ítalíu. Af þeim má nefna Elvino í *La sonnambula* (Bellini), Alfredo í *La traviata* (Verdi), Edgardo í *Lucia di Lammermoor* (Donizetti), Roberto í *Le Villi* (Puccini) og Nemorino í *Ástardrykknum* (Donizetti). Á sumri komanda heldur hann til Ítalíu þar sem hann mun syngja hlutverk hertogans af Mantúu í *Rigoletto* eftir Verdi. Gunnar kom í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands síðastliðið haust þegar hann söng tenórhlutverkið í 9. sinfóníu Ludwigs van Beethoven á tónleikunum Klassíkin okkar.



Kristín Anna Guðmundsdóttir

SÓPRAN

Kristín Anna Guðmundsdóttir söng í kórum Langholtskirkju frá fjögurra ára aldri undir leiðsögn Jóns Stefánssonar. Hún hóf söngnám 14 ára hjá Hörpu Harðardóttur og útskrifaðist frá Söngskólanum í Reykjavík árið 2014. Sama ár hélt hún til Berlínar þar sem hún stundaði framhaldsnám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann og lauk þaðan meistaragráðu með hæstu einkunn árið 2021. Að útskrift lokinni söng hún í frumuppfærslu óperunnar *Sleep/less* eftir Peter Eötvös við Ríkisóperuna Unter den Linden í Berlín, óperuna í Genf og í Müpa tónlistarhúsinu í Búdapest. Sumarið 2022 fór hún

með hlutverk Micaëlu í *Carmen* á Schlossfestspiele Ettlingen og söng Greifynjuna í *Brúðkaupi Fígarós* við Króatísku þjóðaróperuna í Varaždin. Í nóvember 2023 söng hún einsöng með Filharmóníusveitinni í Dresden í 6. sinfóníu Leru Auerbach (*Vessels of Light*) undir stjórn François Leleux, og ári síðar flutti hún sama verk með Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín undir stjórn Joönu Mallwitz.

Á þessu leikári er Kristín Anna fastráðin við óperuhúsið í Bremerhaven í Þýskalandi þar sem hún syngur Gertrud í *Hans og Grétu*, Greifynjuna í *Brúðkaupi Fígarós* og fer með ýmis hlutverk í óperunni *Péttri Gaut* eftir Jüri Reinvere, auk þess að koma fram á tónleikum.



Kristín Sveinsdóttir

MEZZÓSÓPRAN

Kristín Sveinsdóttir hóf ung að syngja í kórum Langholtskirkju og kom þar oft fram sem einsöngvari undir stjórn Jóns Stefánssonar. Hún lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík haustið 2013 undir leiðsögn Hörpu Harðardóttur en hefur einnig sótt söngtíma hérlandis til Sigríðar Ellu Magnúsdóttur og Janet Haney. Árið 2014 hélt Kristín til Vínarborgar og stundaði söngnám við tónlistarháskólann þar í borg næstu árin. Á námstímanum tók hún sér rúmlega ársleyfi til að syngja við óperustúdíó Teatro alla Scala í Milánó. Hún kom þar fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri, m.a. í *Töfraflautunni* eftir Mozart undir stjórn Ádáms Fischer, á árlegum jólatónleikum óperuhússins undir stjórn Franz Welser-Möst og í *Rósariddaranum* eftir Strauss undir stjórn Zubins Mehta.

Kristín hefur verið búsett á Íslandi frá 2020 og er ein stofnenda Kammeróperunnar. Hún kemur reglulega fram sem einsöngvari við ýmis tilefni. Nú síðast söng hún hlutverk Cherubinos í *Brúðkaupi Fígarós* í Borgarleikhúsinu og frumflutti öróperuna *Halfway Down* eftir Elínu Gunnlaugsdóttur á Myrkum músíkdögum. Á síðasta leikári fór Kristín með hlutverk Hans í *Hans og Grétu* eftir Humperdinck og hlutverk húsfreyjunnar Ástu í *Gilltrutt* eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

Kór Langholtskirkju

Kór Langholtskirkju var stofnaður árið 1953 og hefur allar götur síðan getið sér gott orð fyrir flutning á stórum, klassískum verkum úr tónlistarsögunni, þar sem meistaraverk Bachs hafa verið í öndvegi. Á undanförunum árum hefur kórinn jafnframt einbeitt sér að söng án undirleiks og meðal annars flutt kórkoncert Schnittkes og *Náttsöngva* Rakhmanínovs, auk þess sem hann tók þátt í hinni virtu kórakeppni Florilège Vocal de Tours árið 2019. Kór Langholtskirkju hefur ætíð lagt mikið upp úr því að flytja ný, íslensk verk. Af þeim má nefna *Guðbrandsmessu* sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi fyrir kórinn í tilefni 50 ára afmælis hans og kom út á hljómdiski árið 2008. Kórinn hefur á ferli sínum gefið út margar aðrar plötur, svo sem *Jóhannesarpassíuna* eftir Bach (1987), *Barn er oss fætt* (1991), *An Anthology of Icelandic Choir Music* (1993), *Ísland er lýðveldi* (1994), og *Land míns föður* (1997). Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson.

Mótettukórinn

Mótettukórinn var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra landsins. Á verkefnalista hans eru óratóirur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Björgvin, Norrænu kirkjutónlistarhátíðina í Gautaborg og Wiener Festwochen í Vínborg. Kórinn vann til verðlauna í Alþjóðlegu kórakeppninni í Cork á Írlandi árið 1996 og til þriggja gullverðlauna í keppninni Cançó Mediterrània á Spáni árið 2014. Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt má nefna *Messías* eftir Händel, *Mattheusarpassíuna*, *Jóhannesarpassíuna*, *Jólaóratóríuna* og *Messu í h-moll* eftir Bach, *Sálumessu* Mozarts, óratóirurnar *Elía* og *Pál postula* eftir Mendelssohn og *Þýska sálumessu* eftir Brahms. Kórinn hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins 2021 í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Stjórnandi kórsins er Stefan Sand.



Gioacchino Rossini

Ástir og örlög

Ítalía er réttnefnd vagga óperunnar og veislan sem efnt er til á tónleikunum í kvöld ber þess merki – hryggjarstykkíð í henni eru atriði úr óperum eftir þrjú ítölsk tónskáld, hvert af sinni kynslóð, sem öll urðu heimsfræg. Efnisskráin er römmuð inn af tónlist úr smíðju hins bráðgera Gioacchino Rossini (1792–1868) sem var ekki nema 18 ára þegar fyrsta ópera hans var sett á svið og hafði samið alls 39 slíkar þegar hann sagði skilið við óperusmíðar einungis 37 ára gamall. Frægasta verk hans er án efa **Rakarinn í Sevilla**, óborganlegur farsí um ástfangna greifann Almaviva sem beitir öllum brögðum, dyggilega studdur af rakaranum Fígaró, til þess að ná hinni yndislegu Rósínu úr klóm karlfausksins Bartólós. Það er forleikurinn að öllu því glensi sem hljómar fyrst á efnisskrá kvöldsins en flytjendur slá svo botninn í tónleikana með lokasöngnum úr síðustu óperu Rossinis, **Vilhjálm Tell**. Hún er byggð á leikriti Schillers sem nýtti sér þar þjóðsöguna um bogaskyttuna Vilhjálm Tell, frelsishetju Svisslendinga á 14. öld þegar landið laut yfirráðum Austurríkis. Þeir Vilhjálmur og sonur hans komast upp á kant við landstjóra Austurríkismanna sem í refsingarskyni skipar föðurnum að skjóta ör gegnum epli sem tyllt er á koll sonarins. Vilhjálmur hæfir eplið en viðurkennir að hefði hann misst marks hefði hann skotið landstjórann grimma. Hann er því hnepptur í fjötra en tekst um síðir að bana landstjóranum. Óperunni lýkur með því að frelsishetjurnar standa á bökkum Luzernvatns og syngja óð til frelsisins og fegurðar landsins.

Inni í þessum Rossini-ramma breiðir úr sér landi hans og arftaki, Giuseppe Verdi (1813–1901); við heyrum alls fjögur atriði úr óperum hans á þessum tónleikum. Hið fyrsta af þeim er ein af árúm **Falstaffs** úr samnefndri óperu, en hún var sú síðasta frá hendi Verdis. Þéttvaxni (og tíðum þéttdrukkn) aðalsmaðurinn John Falstaff hefur verið nefndur frægasta feitabolla bókmenntasögunnar en persónan kemur fyrir í nokkrum leikrita Williams Shakespeare. Ópera Verdis er einkum reist á einu þeirra, *Windsorkonunum kátu*. Þar segir frá því er Falstaff kemur til Windsor, blankur rétt einu sinni. Til þess að rétta fjárhaginn af ráðgerir hann að fara á fjörunar við tvær giftar konur samtímis, í því skyni að komast í fjármuni



Giuseppe Verdi

eiginmannanna. Það á nú ekki eftir fara eins og Falstaff ætlast til, en í upphafi óperunnar situr hann á kránni og þjórar með tveimur þjónum sínum. Hann greinir þeim frá fyrirætlunum sínum og fær þeim sitt ástarbréfið hvorum til þess að afhenda konunum. En þjónarnir neita að ganga þessara erinda og segja að það sé ekki sæmandi heiðvirðum mönnum. Falstaff bregst ókvæða við og syngur ariuna *L'onore! Ladri!* (Heiður! Skálkar!) þar sem hann les þeim pistilinn.

Falstaff er gamanópera en næstum allar aðrar óperur Verdis voru dramatískar og við komum við í nokkrum þeirra eftir hlé. Þar hljómar fyrst forleikurinn að **Valdi örlaganna**, óperu sem pöntuð var fyrir Keisaralega leikhúsið í Sankti Pétursborg og frumsýnd þar 1862. Í frumgerðinni fór aðeins stutt forspil á undan verkinu en þegar Verdi endurskoðaði óperuna fyrir uppfærslu á La Scala, rúmum sex árum síðar, skrifaði hann eiginlegan forleik, örlagaþrunginn eins og hæfði efninu. Þegar þarna var komið sögu hafði Verdi náð fágætum tókum á óperuforminu. Hann hafði skorið burt óþarfa skraut og málalengingar sem töfðu fyrir hinni dramatísku framvindu; óperur hans eru þéttar, söngur og hljómsveitaraspil fléttuð saman af list og textinn er látinn þjóna tónlistinni en ekki öfugt. Óperan **Rigoletto** markaði einn af hápunktunum á ferli Verdis; hún sló í gegn við frumsýninguna í Feneyjum árið 1851 og hefur notið stöðugra vinsælda síðan. Titilpersónan er hirðfífl í þjónustu hertogans of Mantúu, mikils kvennabósa. Dóttir Rigolettos, Gilda, leggur ást á hertogann; faðir hennar hyggst forða henni frá honum með því að leigja mann til að myrða hann en svo fer að Gilda fórnar lífi sínu fyrir ástina. Við heyrum kvartett úr 3. þætti óperunnar þar sem feðginin verða vitni að því er hertoginn daðrar við systur leigumorðingjans. Verdi-syrpunni lýkur svo á hinum þekkta Fangakór (*Va, pensiero*) úr **Nabucco**, en það var með þeirri óperu sem Verdi sló fyrst verulega í gegn árið 1842.

Að Fangakórnum loknum hljómar undurfallegt *intermezzo* úr 3. þætti óperunnar **Manon Lescaut** eftir þriðja Ítalann, Giacomo Puccini (1858–1924). Puccini hafði áður samið tvær óperur sem hafði verið fremur treglega tekið, en með Manon vann hann sinn fyrsta sigur á óperusviðinu. Óperan var frumsýnd rétt áður en svanasöngur Verdis,

Falstaff, komst á fjalirnar og sýndi svo ekki varð um villst að þarna var kominn verðugur arftaki hins aldna meistara ítölsku óperunnar. Puccini sigldi á nýrri bylgju sem nefnd hefur verið *verismo* og tengist þeim vendingum í bókmenntum sem kenndar eru við raunsæi. Nú komst hlutskipti hinna fátæku og afskiptu í sviðsljósið og í óperunum beindist athyglin jafnframt að ótömdum ástríðum: ást, afbrýði og stolti. Tilfinningarnar eru á útopnu í einni ástsælustu óperu Puccinis, **La Bohème**, þar sem skáldið Rodolfo hrífst af saumastúlkunni Mimi í hrörlegum leiguhjalli í París og býðst, í ariunni *Che gelida manina* (Hve ísköld er þessi hönd), til þess að verma loppnar hendur hennar um leið og hann segir henni deili á sér og draumum sínum.

Ekki er minna um ástríður í vinsælustu óperu franskra tónbókmennta, **Carmen** eftir Georges Bizet (1838–1875). Sögusviðið er Sevilla á Spáni þar sem sígaunastúlkan Carmen heillar karlmenn upp úr skónum, þar á meðal nautabanann Escamillo. Við heyrum tvö atriði úr 2. þætti óperunnar. Hann hefst á kránni þar sem Carmen og vinkonur hennar syngja og dansa til að skemmta mönnum úr varðliði borgarinnar. Úti fyrir heyrir mannfjöldi fagna komu Escamillos; hann gengur inn á krána og kynnir sig með ariunni *Votre toast! je peux vous le rendre* (Ykkar skál! ég endurgeld hana) sem er hylling til nautaatsins og þess dýrðarljóma sem umleikur nautabanann.

Jacques Offenbach (1819–1880) var fæddur í Köln í Þýskalandi en fór ungur til náms í París og settist þar að. Hann skapaði sér nafn með óperettum sínum sem nutu mikilla vinsælda og áttu eftir að verða nærri hundrað áður en yfir lauk. Offenbach dreymdi þó um að semja óperu af alvarlegra tagi og vann á síðustu æviárum sínum að því að tónsetja leikritið **Ævintýri Hoffmanns** sem byggt er á þremur ævintýrasögum eftir þýska skáldið E. T. A. Hoffmann sem sjálfur er aðalpersóna verksins. Síðasta sagan gerist í Feneyjum þar sem Hoffmann fer á fjörunnar við hina fögru Giuliettu og þátturinn hefst á frægum bátssöng *Belle nuit, ô nuit d'amour* (Ó fagra nótt, nótt ástarinnar). Efniviðurinn í **Rusölku**, níundu óperu Tékkans Antoníns Dvořák (1841–1904), er líka af heimi ævintýranna og sagan á margt skylt við *Litlu hafmeyjuna* eftir H. C. Andersen. Rusalka er vatnadís sem verður ástfangin af prins og vill verða að mannlegri veru til þess að geta unnið ástir hans. Hún leitar til nornar sem segist geta komið umbreytingunni í kring en varar Rusölku við því að með henni muni hún missa málið og verða dauðleg. Þekktasta atriði óperunnar er söngur sem Rusalka syngur til mánans (*Měsíčku na nebi hlubokém*) þar sem hún biður hann að færa prinsinum boð um þann ástarhug sem hún ber til hans.



Georges Bizet

Um 20 árum áður en Gioacchino Rossini kom í heiminn í Pesaro við Adríahafið, lagði táningspiltur þrisvar sinnum í ferð frá Salzburg í Austurríki suður yfir Alpna til þess að leika listir sínar fyrir ítalska aðalinn. Þetta var Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791). Hann var gagntekinn af óperuhefð Ítala og þeim léttleika sem einkenndi hana og hafði þegar reynt sig við að semja ítalska óperu heima í Austurríki. Á Ítalíuferðunum urðu til þrjár nýjar sem færðar voru upp þarlendis við góðar undirtektir. Engin af óperum Mozarts naut þó meiri hylli á Ítalíu en sú sem frumflutt var í Prag árið 1787: **Don Giovanni**. Títillpersóna hennar er aðalsmaður sem skeytir ekki um sálarheill sína í taumlausu lífverinu og það fer illa fyrir flagaranum að lokum. En hér í kvöld hittum við hann fyrir í essinu sínu þar sem hann slær á mandólstrengi undir glugga og reynir að koma þjónustustúlku til við sig: *Deh, vieni alla finestra* (Æ, komdu út að glugganum).

Ólíkt Mozart, sem náði að semja 25 sviðsverk á sinni stuttu ævi, samdi Ludwig van Beethoven (1770–1827) einungis eina óperu sem í lokagerð sinni hlaut nafnið **Fidelio**. Hún er innblásin af þeim hugsjónum frelsis og réttlætis sem andaði frá Frakklandi á byltingartímanum og segir af Leonóru sem sýnir dirfsku við að frelsa eiginmann sinn úr varðhaldi. Einsöngvararnir syngja undurfagran kvartett úr 1. þætti óperunnar, *Mir ist so wunderbar* (Mér líður svo dásamlega), um ástina sem hin unga Marzellina ber til Fidelios — en hann er reyndar Leonóra í dulargervi. **Fidelio** var frumflutt í Vínborg þar sem óperuflutningur stóð með miklum blóma á 19. öld og stendur raunar enn. Ekki voru Vínbúar síður hrifnir af óperettum og þar lagði lögfræðingurinn og tónskáldið Carl Zeller (1842–1898) gjörva hönd á plóg. Hann samdi allnokkrar óperettur sem nutu mikilla vinsælda, þar á meðal **Fuglasalann** sem hefur verið reglulega á fjölnum í Vínborg frá því hún var fyrst færð upp árið 1891. Mörg laganna í henni eru vel þekkt og títt sungin, þar á meðal hið yndislega *Schenkt man sich Rosen in Tirol* (Í Tíról gefur maður rósir).

Svanhildur Óskarsdóttir

Kór Langholtskirkju

Sópran

Alda Úlfarsdóttir
Anne Keil
Ásdís Björg Gestsdóttir
Ásta Sigríður Arnardóttir
Guðrún Herdís Arnarsdóttir
Hafdís María Matsdóttir
Hekla Karen Alexandersdóttir
Helena Marta Stefánsdóttir
Kistrún Friðriksdóttir
Ragnhildur Jóhanna Júlíusdóttir

Alt

Arna Kristín Sigfúsdóttir
Björg Þórsdóttir
Edda Kristjánsdóttir
Eygló Höskuldsdóttir Viborg
Hildur Halldórsdóttir
Hulda Margrét Birkisdóttir
Margrét Björk Daðadóttir
Ragna Bjarnadóttir

Tenór

Georg Haney
Guðmundur Alfreðsson
Guðmundur Arnlaugsson
Hallur Guðmundsson
Hans Júlíus Þórðarson
Heimir Þór Kjartansson
Magnús Ragnarsson
Pétur Ernir Svavarsson
Þengill Ólafsson

Bassi

Alain Corbeau
Birgir Tryggvason
Björn Bjarnsteinsson
Hilmar Adam Jóhannsson
Ívar Vincent Smárason
Magnús Guðmundsson
Oddgeir Páll Georgsson
Orri Jónsson
Sigurjón Halldórsson
Tryggvi Helgason

Magnús Ragnarsson, kórstjóri

Mótettukórinn

Sópran

Anna Samúelsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Rut Guðmundsdóttir
Sárka Wohlmuthová
Sólveig Gísladóttir
Unnur Hjálmarsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir

Alt

Anna Lilja Torfadóttir
Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir
Fríða Sigríður Jóhannsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir

Tenór

Hafsteinn Már Einarsson
Ingibjartur Jónsson
Karl Friðrik Hjaltason
Sigurjón Jóhannsson

Bassi

Eðvarð Ingólfsson
Hrólfur Gestsson
Ingi Vífill Guðmundsson
Magnús Pétursson
Snorri Sigurðsson

Stefan Sand, kórstjóri

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Joanna Bauer
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Laura Liu
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Justyna Bidler
Greta Salóme

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasardóttir
Júlía Mogensen
Helga Björg Ágústsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Shunyu Liu

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzeck
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Caroline Messner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Bjarni Frímann Bjarnason og
Ólafur Kjartan Sigurðarson
leika á mandólín.

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

10.04 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Draumórasinfónían

Fiðlukonsert Albans Berg frá 1935 er „helgaður minningu engils“. Engillinn var Manon Gropius, dóttir vinnuhjóna Bergs, og verkið er því einskonar sálumessa í konsertformi, en varð einnig síðasta verkið sem tónskáldið lauk við fyrir sitt eigið andlát. Þótt Berg hafi samið verkið með tölftónahætti stendur það föstum fótum í tónlistarhefð fyrri alda, í því heyrast bæði dúr- og mollpríhljómar og það er þannig bæði framsækið og hrífandi fagurt að hætti fyrri tíma.

Einleikari er hinn austurríski Rainer Honeck en árið 2017 lék hann einleik með og styrði Kammersveit Vínar og Berlínar úr sæti konsertmeistarar á tónleikum í Eldborg við feiknagóðar viðtökur.

Symphonie fantastique eða Draumórasinfónían eftir Hector Berlioz, eitt höfuðverka rómantíska tímabilsins. Undirtitill verksins er „Brot úr lífi listamanns“ og fjallar tónskáldið hér um eigið líf, óendurgoldna ást og óráðsdræma. Þegar Symphonie fantastique var frumflutt fylgdi ítarleg umfjöllun um söguþráð verksins í efnisskrá tónleikanna, nokkuð sem var mikil nýbreytni á þeim tíma. Tónleikunum stjórnar fransk-svissneski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy, fyrrum aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

25.04 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Ungir einleikarar

Tónleikarnir Ungir einleikarar eru sannkölluð uppskeruhátíð en þar koma fram þeir nemendur sem urðu hlutskarpastir í einleikara- og einsöngskeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin öllum tónlistarnemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Óhætt er að segja að þeir sem koma hér fram eru framtíð íslenskrar tónlistar og spennandi að fylgjast með þeim feta sín fyrstu skref í atvinnumennsku.

Hljómsveitarstjóri tónleikanna er hinn georgíski Mirian Khukhunaishvili, en hann lauk doktorsnámi í hljómsveitarstjórn frá Tónlistarakademiunni í Kraká í Póllandi árið 2020. Hann leggur mikla rækt við samvinnu við ungt fólk og er hann stofnandi og tónlistarstjóri Ungmennahljómsveitarinnar í Tbilisi og um skeið kenndi hann hljómsveitarstjórn við Listaháskóla Íslands. Haustið 2025 tekur Khukhunaishvili við sem tónlistarstjóri óperunnar í Wrocław.

Einleikarar tónleikanna eru Bjargey Birgisdóttir, fiðluleikari, Katrín Birna Sigurðardóttir, sellóleikari og Steinn Völundur Halldórsson, básúnuleikari.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan

5. JÚNÍ | KL. 19:30

Á þessum tónleikum býður Barbara Hannigan upp á efnisskrá þar sem gleði og húmor eru við stjórnvölinn. Við heyrum tónlist eftir Aaron Copland, Joseph Haydn, Jacques Offenbach og tónleikunum lýkur á tveimur ómótstæðilegum sönglögum Kurts Weill. Hannigan kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 2022 og mun taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2026.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS